

SAMÞYKKT

um hundahald í Garðabæ.

1. gr.

Hundahald er bannað í Garðabæ.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingum, búsettum í bænum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- Hundurinn skal skráður á skrifstofu bæjarins og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem ávallt skal vera í ól um háls hundsins.
- Árlega skal bæjarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem bæjarráð ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við hundahaldið og skal upphæð þess við það miðuð, að bæjarsjóður beri ekki kostnað af hundahaldinu. Innifalið í leyfisgjaldinu er ábyrgðartryggingariðgjald og hreinsunargjald. Hundar, sem notaðir eru við búrekstur í bænum, eru undanþegnir leyfisgjaldinu, en greiða ber ábyrgðartryggingariðgjald og hreinsunargjald vegna þeirra.
- Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taum í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því að þeir raski eigi ró íbúa bæjarins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um bæinn fara til óþæginda.
- Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða, þar á meðal um árlega hreinsun hunda og greiðslu leyfisgjalds, svo og fyrir-mælum sem heilbrigðisnefnd setur. Leiði brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds af sér kostnað fyrir bæjarsjóð ber viðkomandi hundeiganda að greiða þann kostnað.

Gjaldið innheimtist af hundaeftirlitsmanni bæjarins og rennur það í bæjarsjóð.

Purfi eftirlitsmaður að koma hundi fyrir í geymslu í lengri eða skemmri tíma vegna þess að ekki hefur reynst unnt að ná í eiganda hundsins greiðir eigandi allan kostnað vegna þess.

Við ítrekuð brot og alvarleg afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Garðahreppi nr. 258/1973.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. júlí 1981.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.